



# Táknafiörður

Miðtúni 1, 460 Táknafirði, kt. 640269-6779, Sími 456-2539. Bréfsími 456-2589

Alþingi nefndarsvið  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/1356*  
*komudagur 5.3.2012*

Táknafirði, 17. febrúar 2012  
1202020 EIS

## **Efni: Svar við beiðni um umsögn um samgönguáætlanir, 392. og 393.mál**

Hreppsnefnd Táknafjarðarhrepps hefur tekið til umfjöllunar tillögu að þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun 2011-2014. 392.mál og tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2011 – 2022, 393.mál. Táknafjarðarhreppur leyfir sér að senda inn eina umsögn um bæði málin.

Hreppsnefnd Táknafjarðarhrepps hvetur Alþingi Íslendinga til að taka samgönguáætlun til gagngerrar skoðunar og færa frammar í framkvæmdaröð þær mikilvægu úrbætur sem Vestfirðingar hafa beiðið eftir um langt árabil. Þær þarf að fjármagna á næstu 5-7 árum til að uppfylla markmið sem sett eru fram í áætluninni um greiðar samgöngur, jákvæða byggðapróun og jafnræði allra þegna landsins. Vestfirðingar horfa til samgönguyfirvalda og Alþingis um liðsinni í þessu mikilvæga máli fyrir framtíð byggðar á Vestfjörðum.

## **Samgönguáætlun 2011 – 2014, 392.mál.**

### **Vegir :**

- ✓ Fagna ber að fjármunum skuli varið til framkvæmda á Vestfjarðavegi 60, Eiði-Þverá, sem og því að búið sé að bjóða þá framkvæmd út og samkvæmt útboðsögnum skal henni lokið ekki síðar en 1.september 2015. Hreppsnefnd Táknafjarðarhrepps hvetur til þess að skoðað verði að tryggja meira fjármagn til þessarar framkvæmdar þannig að verkinu verði lokið innan áætlunartímabilsins.
- ✓ Tryggja þarf fjármuni til viðhalds malarkafli á Vestfjarðavegi 60.
- ✓ Tryggja þarf aukna fjármuni til vetrarþjónustu þannig að hægt sé að færa hana til sama horfs og var árið 2008.
- ✓ Standa vörð um ferjusiglingar yfir Breiðafjörð, þannig að ferðir verði alla daga vikunnar árið um kring.

### **Flug :**

- ✓ Lengja þarf Bíldudalsflugvöll til þess að hann geti þjónað þeim flugvélakosti sem nýttur er í innanlandsflugi í dag.
- ✓ Bíldudalsflugvöllur er eini flugvöllurinn á sunnanverðum Vestfjörðum og gegnir því mikilvægu samgöngu- og öryggishlutverki.

### **Hafnir :**

- ✓ Ljúka þarf vinnu við gerð nýrra hafnalaga sem allra fyrst. Slæmt ef uppi verður óvissa um þær framkvæmdir sem eru á áætlun hjá höfnum landsins.



# Tálknafjörður

Miðtúni 1, 460 Tálknafirði, kt. 640269-6779, Sími 456-2539. Bréfsími 456-2589

## Samgönguáætlun 2011 – 2022. 393.mál.

### **Vegamál :**

Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps lýsir yfir ánægju með þær yfirlýsingar ráðamanna að ástand samgöngumála á Vestfjörðum kalli á verulegar úrbætur umfram aðra landshluta, en betur má ef duga skal. Vestfirðir eru nú eini landshlutinn sem ekki hefur fengið nútímalegar vegabætur á milli helstu þéttbýlisstaða eða til að tengja öll byggðalög alþjóðavegakerfi landsins. Samgönguáætlun verður að taka mið af þessari staðreynd. Með því að verkefni á Vestfjörðum verði í samgönguáætlun sett í forgang, má best tryggja að orðum ráðamanna fylgi efndir. Svo hægt verði að klára þau verkefni sem fyrir liggja þarf að tvöfalda framlög til vegamála á Vestfjörðum á tímabilinu 2013 – 2018.

Það er með öllu óásættanlegt að uppbyggingu Vestfjarðavegar ljúki ekki fyrr en á árinu 2020 skv. framlagðri samgönguáætlun. Því hvetur Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps þingmenn til að :

- ✓ Koma framkvæmdum í Austur-Barðastrandarsýslu frammar í forgangsröðina.
- ✓ Dýrafjarðargöng verði sett frammar í forgangsröðun, ásamt veg yfir Dynjandisheiði.
- ✓ Vetrarþjónusta á vegum verði færð til þess horfs sem hún var árið 2008.
- ✓ Standa vörð um ferjusiglingar yfir Breiðafjörð, þannig að ferðir verði alla daga vikunnar árið um kring.

Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps treystir því að orðum fylgi efndir í þessum málaflokki og nægir fjármunir verði tryggðir til þess að ljúka vegaframkvæmdum sem sunnanverðir Vestfirðir hafa beðið eftir í áratugi. Á það skal bent að Vestfjarðavegur 60 er eini þjóðvegurinn sem liggur til og frá sunnanverðum Vestfjörðum. Núverandi ástand stendur byggð fyrir þrífum.

### **Flugmál :**

Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps lýsir yfir áhyggjum af stöðu innanlandsflugs í samgöngukerfi landsins með tilliti til fjárveitinga á áætlunartímabilinu og almennt metnaðarleysi í umfjöllun samgönguáætlunar 2011-2022 varðandi þennan þátt í almenningssamgöngum á Íslandi.

Innanlandsflug er forsenda fyrir margvíslegri þjónustusókn sem stjórnvöld hafa í auknum mæli lagt upp með á síðustu árum. Flug tryggir einnig atvinnulífi þann hraða sem þarf að vera í samskiptum í nútímalegu umhverfi og er þá einnig forsenda fyrir uppbyggingu nýrra atvinnugreina. Því þarf að :

- ✓ Taka aftur lækkun framlaga til flugsamgangna.
- ✓ Fara sérstaklega yfir efnahags- og samfélagsleg áhrif á hækkun lendingargjalda og útfærslu á álagningu kolefnisgjalds.

Bíldudalsflugvöllur gegnir lykilhlutverki í samgöngu- og öryggisneti sunnanverðra Vestfjarða, sem eini flugvöllurinn. Skal því hér endurtekin sú krafa að :

- ✓ Lengja þarf Bíldudalsflugvöll til þess að hann geti þjónað þeim flugvélakosti sem nýttur er í innanlandsflugi í dag.

Þá vill hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps undirstrika mikilvægi þess að Reykjavíkflugvöllur verði staðsettur til framtíðar í Vatnsmyrinni og uppbygging samgöngumiðstöðvar hefjist. Ef



## Tálknafjörður

Miðtúni 1, 460 Tálknafirði, kt. 640269-6779, Sími 456-2539. Bréfsími 456-2589


flugvöllurinn verður færður t.d. til Keflavíkur mun það skerða þjónustu við íbúa landsins umtalsvert, með t.d lengri ferðatíma. Það mun koma sérstaklega niður á Vestfjörðum þar sem birtuskilyrði til flugs yfir mesta skammdegið myndu verða þess valdandi að ekki væri hægt að ferðast innan dagsins að heiman og heim með flugi.

### Hafnamál :

Horfa þarf til mikilvægis hafna í samgöngukerfi landsins. Í því er brýnt að þær hafnir sem nú þegar hafa verið byggðar og gegna lykilhlutverki í flutningum og útgerð verði sjálfbærar, en að öðrum höfnum sem eru forsenda atvinnulífs í byggðarlögum verði gert kleift að standa undir endurnýjun mannvirkja og nauðsynlegum nýframkvæmdum.

Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps lýsir yfir ánægju með að horfa eigi til sjóflutninga sem raunhæfs valkostar vöruflutninga á landinum. Allar aðgerðir er miða að því að lækka flutningskostnað eru góðra gjalda verðar.

Virðingarfyllt,

 Oddviti Tálknafjarðarhrepps  
Eyrun Ingibjörg Sigþórsdóttir